

Ný náma, Öxará gil

Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022

sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

20. mars 2025



Þingeyjarsveit


ATA

A1517-027-U02

Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur samþykkt óverulega breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem felst í því að heimila efnisnám á nýjum stað við Öxará, vestan Skjálfandafljóts og austast í Ljósavatnsskarði. Vegagerðin áformar að nýta námuna vegna vegaframkvæmda og viðhalds.

Náman er færð inn á sveitarfélagsuppdrátt og skýringaruppdrátt nr. 8.




Staðsetning umrædds svæðis sýnd með rauðum hring á skýringaruppdrátti nr.8.

Áform um efnistöku

Áætlað er að vinna um 41.300 m^3 á komandi árum. Flatarmál námunnar verður innan við 7.000 m^2 (0,7 ha). Náman hefur númerið 22961 í námuskrá Vegagerðarinnar.

Staðsetning og staðhættir sjást á myndinni hér fyrir neðan. Rétt ofan við bæinn, handan árinna er sethjalli sem áformað er að taka efnið úr.



Möguleg umhverfisáhrif

Efnistaka hefur áður farið fram á svæðinu. Yfirborð er að mestu lítið gróinn melur og námustál. Í óraskaðri hlíðinni til vesturs og ofan á hjallanum er hins vegar mólendi. Sverði og mold verður ýtt upp áður en námuvinnsla hefst og nýtt við lokafrágang námunnar. Reiknað er með að erfitt verði að ýta undir landnám gróðurs í námustálinu sjálfu við lokafrágang, en þó verður það reynt með gerð lítið áberandi stalla í fláann.

Núverandi efnistökusvæði er nálægt bæjarstæðinu að Öxará og vel sýnilegt þaðan. Rask vegna námunnar verður sjónrænt hluti af ásýnd bæjarstæðisins. Náman sést einnig frá Bárðardalsvegi vestri, en þaðan er hún lítið áberandi. Náman kemur líklega til með að sjást betur frá veginum meðan á efnistöku stendur. Efnistakan mun koma til að hafa mest áhrif á ábúendur á Öxará vegna sýnileika og umferðar vinnuvéla nærri bæjarstæðinu.

Breyting á greinargerð


Greinargerð aðalskipulagsins breytist þannig að við kafla 4.11.2 bætist við eftirfarandi atriði:

E-271 Öxará gil, efnisnám allt að 41.300 m^3 á 7.000 m^2 svæði. Við efnistöku verður leitast við að jafna út jaðra svæðisins til að draga úr sýnileika.

Breytingar á uppdráttum


Námur eru sýndar án auðkenna á sveitarfélagsuppdraetti en með auðkennum á skýringaruppdraetti nr. 8.

Breyting á sveitarfélagsupphætti (1:100.000) er sýnd hér fyrir neðan.



Hluti af sveitarfélagsupprætti, skali 1:100.000, fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin. Gult hringtákn bætist við nálægt miðri mynd.

Sú breyting verður á skýringarupprætti nr 8 (1:250.000) að hringtákn með auðkenni E-271 bætist við þar sem efnisnáman er staðsett.



Hluti af skýringarupprætti nr. 8, skali 1:250.000, fyrir breytingu vinstra megin og eftir breytingu hægra megin. Hringtákn með auðkenni E-271 bætist við.

Stefna og áætlanir

Ekki verður séð að fyrirhuguð breyting á landnotkun stangist á við aðrar áætlanir né heldur er búist við að breytingin rekist á við hagsmuni nágranna eða á svæðisvísu.

Með aðalskipulagsbreytingunni er leitast við að tryggja að hægt sé að viðhalda nauðsynlegum vegum.

Engin sértæk ákvæði um vernd náttúru- eða menningarminja gilda um svæðið.

Málsmeðferð og rökstuðningur

Sveitarstjórn telur breytinguna sem hér hefur verið lýst svo óverulega að málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eigi við. Þar segir:

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á gildandi aðalskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.–32. gr. og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Fallist Skipulagsstofnun á tillögu sveitarstjórnar skal hún staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða

skal hún tilkynna sveitarstjórn um það og fer þá um málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

Skipulagsstofnun hefur gefið út gátlista fyrir mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg. Þar eru settar fram spurningar sem svarað verður hér fyrir neðan. Svör við spurningunum jafngilda einnig umhverfismati breytingarinnar.

1a: Víkur tillagan verulega frá meginstefnu aðalskipulagsins?

Nei, tillagan er í góðu almennu samræmi við stefnu skipulagsins.

1b: Er ný landnotkunarskilgreining annars eðlis eða samræmist illa núverandi ástandi eða skilgreindri landnotkun á svæðinu? Til dæmis áform um athafna- eða iðnaðarsvæði á óbyggðu landi.

Nei, svo er ekki.

1c: Eykst umfang landnýtingar verulega umfram það sem fyrir er eða fyrirhugað samkvæmt skipulagi? Til dæmis áform um verulega aukningu á byggingarmagni eða starfsemi.

Nei.

1d: Nýtur svæðið verndar svo sem vegna náttúru- og/eða menningarminja?

Nei, engin slík vernd er fyrir hendi.

2a: Er stækkun reits eða landfræðilegt umfang nýs landnotkunarreits verulegt? Sem viðmið má almennt líta á 3 ha sem verulega breytingu, þótt það sé háð mati hverju sinni.

Nei, flatarmál efnisnámsins verður um 7.000 m².

2b: Felur tillagan í sér ákvæði um byggingarmagn eða starfsemi sem hefur áhrif á stórt svæði?

Nei.

2c: Er tillagan líkleg til að hafa veruleg áhrif innan og/eða fyrir utan skipulagssvæðið? Getur til dæmis varðað umhverfisáhrif svo sem af völdum loftmengunar eða að fyrirhuguð uppbygging hafi áhrif á sambærilega landnotkun/landnýtingu annarsstaðar í sveitarfélaginu eða bein áhrif á aðliggjandi svæði.

Nei, sjónræn áhrif eru að mestu bundin við bæjarstæðið á Öxará og næsta nágrenni.

3a: Er breytt landnotkun eða landnýting samkvæmt tillögunni líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila, svo sem vegna hávaða, lyktar, titrings, ryks, ásyndar eða umferðar?

Nei, engin landnotkun er í grenndinni sem líkleg er til að verða fyrir áhrifum.

3b: Leiðir breytt landnotkun til þess að verðmæti eða hagnýting fasteignar skerðist umfram það sem vænta má miðað við óbreytta landnýtingu eða óbreytt skipulag?

Nei, þvert á móti. Með breytingunni er leitast við að tryggja viðhald nauðsynlegra vega.

Áritun

Breyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarveitar þann 27.02.25 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Þingeyjarsveit

Kt. 550822-1100

Ólafur Þór Vind

Breyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 2.4.25 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

